

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Áfangaheiti MYL 504 Kennsluáætlun haust 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 11:25–12:05

Áfangalýsing

Lokaverkefni þessa áfanga er málverk, unnið með akríllitum. Megin áhersla er lögð á ferlið frá frumskissu að málverki: frumdrög, formrænt þróunarferli, litur, málverk. Hvernig þróast hugmynd, hvernig verður málverk til? Myndefni er sótt í umhverfi, bæði utan húss og innan. Nemendur spreyta sig á að byggja upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Engin leið er sjálfgefin, niðurstaða fæst einungis með tilraunum og verður því markvissari sem fleiri möguleikar hafa verið kannaðir. Umræður á öllum stigum ferlisins um verk og hugmyndir nemenda innan hópsins og milli nemenda og kennara.

Kjarnahugtök

Umhverfi, úti, inni, sjónarhorn, myndefni, myndbygging, myndmál, form, litur, skissa, úrvinnsla, teikning, málverk, hugmyndaþróun, persónuleg afstaða.

Áætlun um yfirferð

- | | |
|---------------------------------|------------|
| 1. Kynning og viðtöl | vika 34-35 |
| 2. Efnisöflun og hugmyndavinna. | vika 35-37 |
| 3. Útfærsla og tilraunir | vika 38-42 |
| 4. Málverk | vika 43-47 |
| 5. Frágangur og yfirferð | vika 48 |

* Vikuskipting er til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hvert að sínu verki.

* Nemendur útbúa og flytja stutta kynningu á einum listamanni um miðbik annar.

* Nemendur þurfa að halda allri vinnu til haga, skissum, ljósmyndum, teikningum, dagbókarfærslum o.fl....sem þeir skila í lok annar ásamt fullunnu málverki.

Námsmat

Próflaus áfangi. Mætingaskylda 100%. Öll verk nemenda eru metin, skissur, tilraunir og fullunnin verk ásamt hugmyndavinnu og vinnuferli. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins, 40% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, 45%. Þátttaka í umræðum er metin og umfjöllun um listamann, 10%.

Mætingar gilda 5%. Nemendur taka þátt í matinu.

Verkfæri og efni

- Dagbók, skissubók, (myndavél)
- Blýantar, kol, trélitir, litkrít, glærur ofl.
- Ýmsar pappírstegundir, strigi, lím, grunnur, blindrammi
- Akríllitir, íblöndunarefni, penslar, sköfur
- Mappa eða einhverskonar geymsla fyrir alla vinnu

-Það sem er undirstrikað þurfa nemendur að útvega sjálfir.



Gangí ykkur vel

Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Áfangaheiti MYL 504 Kennsluáætlun haust 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils